

**Ed.** **482. Frumvarp til laga** [174. mál]  
um ábyrgð ríkissjóðs vegna viðskipta við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöru-  
skiptagrundvelli.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

**1. gr.**

Til þess að greiða fyrir viðskiptum við lönd, sem verzla á jafnvirðis- og vöru-  
skiptagrundvelli, er fjármálaráðherra, vegna ríkissjóðs, heimilt að taka ábyrgð á  
innstæðufé, er Landsbanki Íslands (seðlabankinn) kann að eignast í löndum þessum  
vegna útfluttra afurða, allt að 50 millj. króna. Ábyrgðin nær einnig til yfirdráttar  
á viðskiptareikningi Landsbankans í sömu löndum.

**2. gr.**

Viðskiptamálaráðherra setur skilyrði, eftir því sem nauðsynlegt þykir, um  
notkun ábyrgðarinnar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.